

# sel íslenska 7. bekkur 2020-2021

---

Kennarar: Aðalheiður Kristjánsdóttir; Aðalsteinn Hjartarson;  
Anna Lára Hansen

7

## Lýsing

Í íslenskukennslu er lögð áhersla á málfræði, stafsetningu, ritun, hlustun, lesskilning, samskipti, frásögn, menningarläsi og námshæfni. Megin tilgangur íslenskukennslunnar er að nemendur öðlist alhliða hæfni til að nota tungumálið samhæft öllum öðrum námsgreinum.

## Markmið:

Geta skilið það mál sem notað er í kennslustofunni og brugðist við með orðum eða athöfnum, fylgt meginþræði í mjög einföldum frásögnum um kunnuglegt efni með stuðningi, t.d. af myndum, hlutum eða líkamsmáli og notað sér upplýsingarnar í eigin verkefni, fylgst með einföldu efni í myndmiðlum og úr heimi dægurmennningar sem er kunnuglegt úr heimi barna og unglunga og greint frá því helsta

## Námsefni:

Stafrófið, sérhljóðar og samhljóðar. Stór og lítill stafur. Nafnorð, sérnöfn og samnöfn. Lýsingarorð, sagnorð og persónuformöfn.

Íslenskan er samþætt öllum öðrum námsgreinum.

Orðspor 3, lesbók og vinnubók. Réttritunarorðabók, Málrækt 3 og Smellur 3. Ljóðspor, ljóðaverkefni, frumsamin ljóð. Blái hnötturinn og Benjamín Dúfa.

- Námsvefir, myndir og verkefni frá kennurum.

## Kennsluaðferðir:

Bein kennsla, lausnarleitarnám, heimildavinna, hópavinna, verkefnavinna.

## Námsmat:

Símat, kannanir, verkefni og ritun.

### Sel íslenska 7.bekkur 2020-2021 - Lestur

- Lestur - Getur lesið texta upphátt fyrir framan hóp.
- Hlustað af athygli og beitt þekkingu sinni og reynslu til að skilja það sem sagt er og greint frá aðalatriðum.
- Valið sér fjölbreytt lesefni við hæfi til gagns og ánægju
- Nýtt sér myndefni og rafrænt efni á gagnrýninn hátt.
- Tekið þátt í samræðum og rökræðum samkvæmt reglum.
- Stafsetning - þekkir almennar stafsetningarreglur í meðal þungum texta

### Sel íslenska 7.bekkur 2020-2021 - Lestur og bókmenntir

- Lesið texta við hæfi með góðum hraða og af skilningi, lagt mat á hann og túlkað.
- Lesið sér til ánægju og fróðleiks og gert öðrum grein fyrir innihaldi textans
- Ljóð - þekkir mismunandi innihald ljóða - rím - ljóðstafi - líkingar
- Notað þekkingu og reynslu ásamt ríkulegum orðaforða við lestur og skilning á texta.
- Bókmenntir - lesið fjölbreyttan og ólíkan texta
- Aflað upplýsinga úr bókum og fjölbreyttu rafrænu efni, unnið úr þeim og nýtt við lausn verkefna, lagt nokkurt mat á gildi og trúverðugleika upplýsinga.
- Greint og fjallað um aðalatriði í texta og helstu efnisorð og notað mismunandi aðferðir við lestur og skilning á texta.
- Greint nokkur frásagnarform bókmennta og beitt fáeinum bókmenntafræðilegum hugtökum til að efla skilning, svo sem tíma, sjónarhorni, sögusviði og boðskap.

### Sel íslenska 7.bekkur 2020-2021 - Ritun

- Skrifað læsilega og af öryggi með persónulegri rithönd, beitt algengum aðgerðum í ritvinnslu, gengið frá texta og notað orðabækur.
- Valið textategund, skipulagt og orðað texta, svo sem sögur, frásagnir, lýsingar og fyrirmæli, á þann hátt sem hæfir tilefni.

- Lesið texta og skoðað hann með það í huga að kanna hvernig höfundur skrifar og nýtt það við eigin ritun.
- Samið texta þar sem beitt er eigin sköpun, notið þess að tjá hugmyndir sínar og reynslu og veitt öðrum hlutdeild með því að kynna ritunina eða leyfa öðrum að lesa.

### Sel íslenska 7.bekkur 2020-2021 - Málfræði

- Persónufornöfn - þekkir fallbeygingu - kyn - et/ft
- Sagnorð - þekkir nafnhátt - nt/pt - persónur
- Beitt þekkingu sinni á málfræðilegum hugtökum í umræðu um mál, ekki síst eigið mál, talað og ritað.
- Notað allríkulegan orðaforða í ræðu og riti, gert sér grein fyrir margræðni orða og nýtt sér málfræðikunnáttu sína við orðmyndun, tal og ritun.
- Lýsingarorð - þekkir stigbreytingu - fallbeygingu - kyn - et/ft - andheiti/samheiti
- Nýtt orðaforða sinn til að skapa ný orð og orðasambönd og notað þau texta.
- Nýtt sér kunnáttu og færni til að fletta upp orðum í orðabókum og öðrum gagnabrunnum um mál.
- Nafnorð - þekkir fallbeygingu - kyn - et/ft - sérnöfn/samnöfn.
- Gert sér grein fyrir notagildi íslenskrar málfræði, m.a. við ritun og stafsetningu.